



SÚÐAVÍKURHREPPUR



DEILISKIPULAG

REYKJANES VIÐ DJÚP

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla

Dags. 24.08.2022

Breytt eftir auglýsingu: 31.7.2023



REYKJANES VIÐ DJÚP

DEILISKIPULAG

Skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Samþykktir

Deiliskipulag þetta hefur verið auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í

skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefnd:

þann _____ 20____

sveitarstjórn:

þann _____ 20____

Tillagan var auglýst frá _____ 20____

með athugasemdafresti til _____ 20____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20____

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Almennt	1
1.2	Markmið.....	1
1.3	Málsmeðferð og kynning	1
1.4	Skipulagsgögn.....	2
1.5	Matskylda.....	2
1.6	Staða skipulags.....	2
2	Forsendur	3
2.1	Skipulagssvæðið	3
2.2	Staðhættir og umhverfi.....	3
2.3	Landslag og náttúrufar	4
2.4	Útivist.....	7
2.5	Meningarminjar.....	7
2.6	Náttúruvá.....	10
2.7	Verndarákvæði	10
3	Deiliskipulagið	11
3.1	Almennt	11
3.2	Landmótun.....	11
3.3	Lóðir, gerð húsa og byggingarreitir.....	11
3.4	Athafnalóðir	11
3.5	Vegir og bílastæði.....	12
3.6	Takmarkanir vegna mannvirkja	12
3.7	Gönguleiðir.....	12
3.8	Lýsing	12
3.9	Veitur	12
3.10	Verndun	13
4	Umhverfismatskýrsla	14
4.1	Viðfangsefni, nálgun og áherslur.....	14
4.2	Áhrif deiliskipulags og eftirfylgni	15
5	Heimildir og tilvitnanir	18

Yfirlit yfir myndir

Mynd 2-1	Yfirborðsjarðhiti í Reykjanesi við Djúp. Haukur Jóhannesson 2007.....	4
Mynd 2-2	Meðalúrkoma ársins 1991-2000. Veðurstofa Íslands.	5
Mynd 2-3	Vatnamynta við Kolahver, að hausti.	6
Mynd 2-4	Vistgerðir á skipulagssvæðinu. Skjáskot af Vistgerðarkorti NÍ.....	7
Mynd 2-5	Fornleifakönnun í Reykjanesi. (Náttúrustofa Vestfjarða).....	9

Yfirlit yfir töflur

Tafla 2-1	Vistgerðir skv. NÍ.....	6
Tafla 4-1	Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu.....	14
Tafla 4-2	Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.....	15

1 INNGANGUR

1.1 ALMENNT

Hér er sett fram nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði í Reykjanesi við Djúp í Súðavíkurbreppi. Deiliskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010.

Uppbyggingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag en ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 MARKMIÐ

Markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjaness á sjálfbæran hátt auk verndunar náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á aukinn möguleika til atvinnuuppbyggingar sem og aðgengi almennings að náttúru svæðisins.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Ekki var gerð skipulagslýsing þar sem allar forsendur skipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulagi Súðavíkurbrepps 2018-2030

Óskað verður eftir umsögn frá eftirfarandi stofnunum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofu Íslands
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Deiliskipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi frá 12. – 26. maí 2022 og var tillagan jafnframt kynnt á opnum fundi á skrifstofu Súðavíkurbrepp þann 16. maí 2022. Athugasemdir og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Veðurstofu Íslands
- Ragnheiði Hákonardóttur
- Ferðaþjónustunni Reykjanesi ehf.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á atriði varðandi vatnamál, neysluvatn, fráveitu og umhverfismat. Náttúrufræðistofnun og Veðurstofan gerðu ekki athugasemdir á þessu stigi. Í athugasemdum Ragnheiðar og ferðaþjónustunnar eru gerðar athugasemdir við öflun neysluvatns og ýmis ákvæði varðandi uppbyggingu á svæðinu.

Deiliskipulagið var auglýst frá 30. september til 11. nóvember 2022. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímabilinu. Umsagnir bárust frá Veðurstofunni, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun.

Tekið hefur verið mið af umsögnum og athugasemdum, eftir því sem við á. Breytingar voru gerðar á uppdrætti og í köflum 3.3 og 3.9.

Breyting hefur verið gerð á uppdrætti þar sem rotþró er bætt inn á, skv. ábendingu frá Skipulagstofnun, dags. 17. apríl 2023.

Með erindi dags. 19. maí 2023 til Innviðaráðuneytisins, óskaði skipulags- og byggingarfulltrúi eftir undanþágu frá gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um fjarlægð bygginga frá vötnum, ám og

sjó, vegna byggingar fyrir vistvænan matvælaíðnað. Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Skipulagsstofnunar um erindið og gerði Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við að undanþágan verði veitt, en lagði áherslu á að tryggt yrði aðgengi meðfram sjó með gönguleið. Með bréfi dags. 22. júní 2023 féllst Innviðaráðuneytið á undanþágu frá ákvæði gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 varðandi fjarlægðar byggingarreits vistvæns matvælaíðnaðar frá sjó, enda verði tryggt að gönguleið verði meðfram sjó.

1.4 SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulag þetta samanstendur af eftirfarandi gögnum:

Tillaga að deiliskipulagi. Reykjanes við Djúp. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1000. Bláðstærð A2. Dags. 24.08.2022.

Tillaga að deiliskipulagi. Reykjanes við Djúpi. Greinargerð og umhverfismatskýrsla. Dags. 24.08.2022.

1.5 MATSKYLDA

Hér er um að ræða áform um uppbyggingu athafnasvæðis. Áformin eru ekki tilkynningaskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

1.6 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag

Aðalskipulag Súðavíkurrepps 2018-2030 var staðfest 2. júní 2020 og tók gildi 18. júní sama ár.

Skipulagssvæðið er innan athafnasvæði AT3. Þar er gert „ráð fyrir áframhaldandi saltframleiðslu, með möguleika á stækkun, og annarri atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Horft er til vistvænnar starfsemi þar sem mögulegt er að nýta jarðhita svæðisins. Sérstaklega skal huga að náttúruverndargildi og menningarminjar við nánari útfærslu í deiliskipulagi.“

Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið eða aðliggjandi svæði.

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagið tekur til athafnasvæðis á norðaustur hluta Reykjaness. Skipulagssvæðið er um 3,9 ha að stærð.

2.2 STAÐHÆTTIR OG UMhverfi

Reykjanesið liggur milli fjarðanna Reykjafjarðar og Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi. Reykjafjörður er lítill fjörður sem gengur inn í skagann milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar.

Nesið er langt og mjótt og nokkuð láglent en það er hæst um 30 m yfir sjávarmáli. Það er innan við 200 m breitt þar sem það er mjóst en mesta breidd þess er um 800 m. Nesið er rúmir 3 km á lengd. Strandlengja jarðarinnar er því hlutfallslega löng eða vel á níunda kílómetra en öll jörðin er um 166 ha á landi.

Svæðið einkennist af klettarönum með hálfgrónum lyngmóum og mosapembum en milli þeirra eru fjölbreyttir votlendispollar. Landið þornar verulega að sumrinu, enda vatnsmiðlun eingöngu frá úrkomu og svæðið er snjólétt.¹

Jarðhiti er allnokkur í Reykjanesi, sjö skráðir staðir í tveimur þyrpingum. Hiti vatnsins er 84-96 °C með 1-16 s/l rennsli.² Gróðurfar er sérstætt umhverfis jarðhitasvæði.³ Skipulagssvæðið eru utan jarðhitasvæðis.

Fyrirliggjandi byggð

Reykjanes er í Súðavíkurbreppi en landið er í eigu Ísafjarðarbæjar. Í dag er rekin þar ferðaþjónusta þ.e. hótél, veitingar og tjaldsvæði. Þar er sundlaug með sjálfrennandi jarðhitavatni. Mannvirki eru einnig hituð með jarðhitavatni.⁴ Þessi mannvirki eru utan skipulagssvæðisins.

Árið 2011 hóf saltverksmiðja starfsemi þar sem áður var starfrækt laxeldi. Unnið er kristalsjárvarsalt, þar sem jarðhitinn er nýttur, líkt og gert var í lok 18. aldar sbr. kafla 2.5 Menningarminjar.

Ýmis starfsemi hefur verið í Reykjanesi í gegnum tíðina. Á árunum 1934-1996 var rekinn þar skóli, lengst af héraðsskóli með heimavist og standa þau mannvirki enn. Um miðja öldina var þar einnig rekið heilsuhæli. Þá var rekið laxeldi um tíma á síðari hluta tuttugustu aldar.⁵

Vegakerfið í Reykjanesi breyttist verulega með tilkomu brúar yfir Mjóafjörð árið 2009. Fyrir breytingarnar lá Þjóðvegur 61 Djúpvegur vestan við Reykjafjörð en Reykjanesvegur 634, sem var um 12 km, lá um austanvert Reykjanesið. Þjóðvegur 61 liggur nú um vestanvert Reykjanesið og þverar Reykjafjörð við mynni hans. Fyrri Reykjanesvegur, þ.e. heimreiðin að Reykjanesi, hefur verið lagður af sem heimreið en nýr Reykjanesvegur liggur frá Þjóðvegi 61 til austurs og er 0,4 km langur.

Lendingarstaður, þ.e. 700 m flugbraut er sunnan skipulagssvæðisins en hann er á skrá hjá Flugmálastjórn sem flugvöllur í flokki 3; malarvöllur án ljósa.⁶ Flugvöllurinn nýtist sem sjúkraflugvöllur en einnig fyrir einkaflug.

¹ Vegagerðin 2003, bls. 29.

² Helgi Torfason 2003, bls. 26 í viðauka 2 C.

³ Vegagerðin 2003, bls. 29.

⁴ Aðalskipulag 1999-2018

⁵ Land & Saga, heimasíða.


⁶ Flugmálastjórn 2006, bls. 19

2.3 LANDSLAG OG NÁTTÚRUFAR

Allt land Reykjaness er á náttúruminjaskrá. Svæðið er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum, með sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.⁷

Yst á nesinu er mikið af basaltsteinum sem hafa sérstakt útlit sökum sjávarrofs.⁸

Skortur er á fersku vatn í Reykjanesi, en þar er mikið af heitu vatni; samtals 25-30 l/s af 80-90°C. Í Hveravík er allt að 30 l/s af 70-80°C í flæðamálinu. Við skólann koma upp 5-10 l/s af 90-95°C heitu vatni og um 3 l/s af 80-90°C. Í Kolahver og nágrenni eru um 2,5 l/s af 70-90°C og nokkrar smálindir af 20-40°C. Á Reykjanesi hafa verið boraðar 3 holur. Vatnsborð einnar stendur í 2 metrum og gæti gefið 3-5 l/s af 90°C með dælingu, en hinar gefa samtals 25-30 l/s af rúmlega 90°C.⁹



Mynd 2-1 Yfirborðsjarðhiti í Reykjanesi við Djúp. Haukur Jóhannesson 2007.

Skv. vatnaáætlun Íslands, sem staðfest var í apríl 2022, eru vatnshlot á framkvæmdasvæðinu skilgreind sem: Strandsjavarhlotið Ísafjarðardjúp (101-1390-C) og grunnvatnshlotið Mið-Vesturland og Strandir (101-307-G) sem er skráð sem óverulegur vatnsveitir - staðbundið og takmarkað grunnvatnsstreymi.¹⁰

⁷ Náttúruminjaskrá.


⁸ Vegagerðin 2003, bls. 23.

⁹ Sveinbjörn Oddsson o.fl. 2009, bls. 74-75.

¹⁰ Umsögn Umhverfisstofnunar, 2022.

Dýralíf er fjölskrúðugt, s.s. ýmsar fuglategundir einkum á austanverðu nesinu.¹¹ Hægt er að sjá yfir 30 tegundir í nágrenni Reykjaness. Má þar nefna vaðfugla í fjörum, lóm og andfugla í tjörnum og steindepil og sólskríku á klapparholtum. Rauðbrysting má sjá á vorin í Reykjafirðinum og fellistöðvar straumandar eru við Reykjanes.¹² Mjög algengt er einnig að sjá seli á skerjum og steinum í fjörum á svæðinu.

Úrkomu í Reykjanesi er með því minnsta á landinu, sbr. mynd 2-2, en vatnsmiðlun á svæðinu er eingöngu frá úrkomu. Gróðurfar ber einkenni af þessu, þar sem grunnvatnsborð sveiflast því líklega mikið eftir árferði. Mýrarvatni er haldið uppi af klettarönum og verður staðið og súrefnissnautt í þurrkum og hæðir og ásar eru illa gróin og mjög þurr. Jarðhiti á svæðinu hefur einnig áhrif á gróðurfar, en kringum hveru og laugar myndast sérstök búsvæði.¹³



Mynd 2-2 Meðalúrkomu ársins 1991-2000. Veðurstofa Íslands.

Í Reykjanesi er einn af þremur fundarstöðum vatnamyntu (lat. *Mentha aquatica*) á landinu. Vatnamynta er alfríðuð en hún er afar sjaldgæf og finnst eingöngu við laugar.¹⁴

¹¹ Böðvar Þórisson o.fl. 2003, bls. 12.

¹² Böðvar Þórisson, glærur.

¹³ Arnlín Óladóttir 2003, bls. 18.

¹⁴ Flóra Íslands, heimasíða.




Mynd 2-3 Vatnamynta við Kolahver, að hausti.

Tafla 2-1 Vistgerðir skv. NÍ

Vistgerð	Vistgerðar nr./EUNIS flokkun	Lýsing	Verndargildi
Mosamealvist	L1.3	Hálfgrónir, grýttir, hallandi melar í hlíðarbrúnum, á áveðra rindum og bungum; finnst frá láglendi til fjalla. Jarðvegur fremur grunnur; melajörð og klapparjörð ríkjandi. Nokkurt fuglalíf og varp.	Lágt
Hraungambravist	L5.3	Einkennist af mikilli þekju hraun-gambra. Finnst á hæðarbungum. Áfoksjörð ríkjandi en klapparjörð og melajörð finnst í litlum mæli. Nokkurt fuglalíf.	Lágt
Starungsmýravist	L8.9	Lítið til nokkuð hallandi, deigt til blautt, þýft mýrlendi vaxið mýrastör og fleiri votlendis-tegundum, á sléttlendi og í hlíðum. Á þúfum og rimum vaxa smárunnar og fleiri þurrlendis-tegundir. Jarðvatn stendur hátt en land fer lítið eða ekki undir vatn í leysingum og flóðum, vatn er fremur steinefnaríkt og land frjósamt. Ríkulegt fuglalíf.	Mjög hátt
Stinnastaravist	L9.1	Fremur rýrt, smáþýft og þurrt, mosaríkt graslendi vaxið stinnastör og fleiri gras- og mólendistegundum. Áfoksjörð er ríkjandi. Miðlungs ríkt fuglalíf.	Miðlungs
Lyngmóavist á láglendi	L10.2	Þurrt og þýft mólendi vaxið krækilyngi, bláberjalyngi, beitylyngi og fleiri lágvöxnum lyng- og mólendistegundum. Áfoksjörð er nánast einráð, þurr jarðvegur. Allríkulegt fuglalíf.	Hátt

Innan skipulagssvæðisins er að finna mosamela- og hraungambravist sem hafa lágt verndargildi, stinnastaravist sem hefur miðlungs verndargildi. Lyngmóavist og starungsmýravist hafa hátt og mjög hátt verndargildi.



Mynd 2-4 Vistgerðir á skipulagssvæðinu. Skjáskot af Vistgerðarkorti NÍ.¹⁵

2.4 ÚTIVIST

Möguleikar til útivistar í Reykjanesi eru miklir, enda sérstæð náttúra með langa strandlengju og svæðið mjög aðgengilegt. Svæðið er almennt talið áhugaverður fuglaskoðunarstaður.

Strandsvæði Reykjanes er vinsælt meðal kafara, sem skoða hvergi á sjávarbotni og lífríki umhverfis þá.¹⁶ Þá er svæðið upphaldsstaður margra kajakræðara. Sjórinn er oft lygn við nesið og dýralíf fjölskrúðugt. Sundlaugin býður upp möguleika til æfinga áður en haldið er á sjóinn.¹⁷

Við færslu þjóðvegarins, frá austanverðu nesinu yfir á það vestanvert, jukust útivistarmöguleikar á því svæði sem hefur hvað fjölskrúðugasta náttúru. Gamli vegurinn getur nýst sem reið- og gönguleið og til fugla- og selaskoðunar.¹⁸

2.5 MENNINGARMINJAR

Skv. 4 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs. Skv. 9. gr. sömu laga vinnur Húsafriðunarnefnd að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands.

Fornminjar, skv. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Á seinni hluta átjándu aldar var starfrækt saltvinnsla í Reykjanesi, fyrir tilstuðlan Danakonungs. Á fyrri hluta tuttugustu aldar nýtti Ernst Frezeníus jarðhitann til gróðurhúsaræktunar.¹⁹ Ekki eru heimildir um fastan búskap í Reykjanesi, en nesið var þó nýtt til ræktunar. Við lok saltvinnslunnar lagðist byggð af í Reykjanesi þar til í upphafi tuttugustu aldar þegar barna- og héraðsskólinn er stofnaður.²⁰ Menn hafa lengi stundað sund, leirböð og ýmsa útivist í Reykjanesi. Sundkennsla hófst þar á fyrri hluta nítjándu aldar, en fyrsta sundlaugin var byggð 1889. Sundhús var reist við sundlaugina árið 1898 (byggingarár skv. fasteignaskrá) en var síðar flutt og stendur nú við bryggjuna á Vestastatanga. Húsið er friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þessi mannvirki eru utan skipulagssvæðisins.

Sumarið 2013 vann Tæknideild Ísafjarðar húsakönnun á skipulagssvæðinu. Könnuð voru 17 hús, en 10 þeirra eru metin hafa mikið varðveislu- og/eða menningarsögulegt gildi. Húsin sem fyrir eru á skipulagssvæðinu eru talin hafa lítið varðveislugildi.

¹⁵ vistgerdarkort.ni.is

¹⁶ Vegagerðin 2003, bls. 23.

¹⁷ North Explorers, heimasíða.

¹⁸ Rúnar Óli Karlsson 2003, bls. 2.

¹⁹ Finnbogi Hermannsson.

²⁰ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 3-6.

Í janúar 2013 vann Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, hjá Náttúrustofu Vestfjarða, fornleifakönnun í Reykjanesi. Alls voru skráð 39 minjanúmer, en mörg þeirra eru aðeins heimildir um minjar.²¹ Í skýrslu fornleifafræðingsins kemur fram að svæðið sé afar merkilegt s.s. vegna saltvinnslunnar á 18. öld. Flestar minjar um saltvinnsluna hafa skemmst þegar skólahús og sundlaug voru gerð í Reykjanesi.²² Þó er mögulegt að 92 m langt garðlag norðaustan núverandi sundlaugar séu minjar frá saltvinnslunni.²³ Sundlaugin frá 1889 er að hluta uppistandandi en engin merki fundust um torflaug frá 1837, enda líklegt að hún hafi verið á sama stað.²⁴ Aðrar minjar sem fundust á svæðinu eru byggingarleifar (naust og fjárhús), garðrækt (kálgarður) samgöngubætur (vörður og stígar) hleðslur og niðurgroftur. Nokkrar vörður sem skráðar eru geta verið nýjar.²⁵

Engar skráðar fornleifar eru innan deiliskipulagssvæðisins.

²¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 32.

²² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 32-33.

²³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 27.

²⁴ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 12.

²⁵ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 10-32.



Mynd 2-5 Fornleifakönnun í Reykjanesi. (Náttúrustofa Vestfjarða).

2.6 NÁTTÚRUVÁ

Reykjanesið er utan líklegra hættusvæða vegna ofanflóða.

Skipulagssvæðið er á láglendi við sjó, en töluverð óvissa er um hve mikið sjávarborð muni hækka á öldinni. Gera þarf þó ráð fyrir um eins metra hækkun sjávaryfirborðs að lágmarki. Að auki þarf að taka tillit til landsigs þar sem þess gætir.²⁶ Ljóst er því að hækkun sjávarborðs í framtíðinni getur haft áhrif á svæðið.

2.7 VERNDARÁKVÆÐI

Allt Reykjanesið er á Náttúruminjaskrá. Skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er skylt að leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá.

²⁶ Umhverfisiráðuneytið 2008, bls. 97.

3 DEILISKIPULAGIÐ

3.1 ALMENNT

Deiliskipulagið tekur til um 3,9 ha svæðis sem ætlað er fyrir hreinlegan og umhverfisvænan léttan iðnað þar sem jarðhiti er nýttur á sjálfbæran hátt.

3.2 LANDMÓTUN

Lögð er áhersla á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín.

Gert er ráð fyrir að núverandi vegur þjóni svæðinu og nýlagningu vega haldið í lágmarki til að takmarka rask.

Sérstök áhersla er lögð á að ekki verði hróflað að óþörfu við strandlengjunni nema með það að markmiði að laga eldra rask eða fjarlægja mannvirki eins og fráveitulagnir.

Við hönnun og val á staðsetningu mannvirkja skal þess gætt að þau raski ekki vatnasviði hvera og lauga.

Til að skerða ekki gæði svæðisins skal lögð áhersla á að vernda gróður utan lóða, einkum lyng og annan gróður sem hefur útivistargildi fyrir íbúa.

3.3 LÓÐIR, GERÐ HÚSA OG BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru a.m.k. í 2 m fjarlægð frá lóðarmörkum og skulu byggingar staðsettar innan þeirra.

Við staðsetningu húss á lóð skal leitast við að kostir lóðarinnar verði nýttir sem best. Á þegar byggðum lóðum er heimilt að stækka núverandi byggingar innan byggingarreits, þó þannig að heildarbyggingarmagn verði innan þess hámarks sem sett er fyrir viðkomandi lóð í lóðalista á deiliskipulagsupprætti.

Útlit húsa skal taka mið af umhverfinu og sögu svæðisins. Mikilvægt er að þær falli sem best að landslaginu og hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd svæðisins. Mikilvægt er einnig að huga að sögu svæðisins við val á efni og formi húss. Jafnframt skal sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Hæð húsa skal vera að hámarki 7 metrar mælt frá botnplötu jarðhæðar. Botnplata skal vera í a.m.k. 3,5 m hæð yfir sjó og að jafnaði 0,3 m yfir jarðvegsyfirborði.

3.4 ATHAFNALÓÐIR

Gert er ráð fyrir léttum iðnaði á lóðum innan skipulagssvæðisins. Einkum skal litið til iðnaðar sem getur nýtt jarðvarma á sjálfbæran hátt og eflir ímynd svæðisins. Starfsemi á svæðinu skal hafa sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi. Hugað skal að vönduðu útliti bygginga og að þær falli vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru, s.s. í formi, efnis- og litavali. Sérstaklega skal hugað að nálægð við aðliggjandi svæði og starfsemi og leitast skal við að skerða ekki gæði þeirra.

Lóð A1

Á lóð A1 er starfrækt vistvæn saltvinnsla. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vistvæns matvælaíðnaðar á lóðinni. Heimilt er að viðhalda og stækka byggingar innan byggingarreits í samræmi við lóðalista á upprætti. Einungis er heimilt að viðhalda þeirri byggingu sem stendur utan byggingarreits. Lóðin stendur mjög nærri sjávarbakka vegna nýtingu sjóvatns, en tryggja skal að leið fótgangandi meðfram ströndinni verði ekki hindruð sbr. 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 26. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lóð A2

Lóðin er ætluð fyrir vistvæna starfsemi, einkum matvælaframleiðslu, ylrækt eða starfsemi sem styrkir ferðapjónustu og ímynd svæðisins.

Lóð A3

Á lóðinni er veitumannvirki og er leyfilegt að byggja við húsið skv. lóðalista á uppdrætti. Kvöð er um aðkomu um lóð A2.

3.5 VEGIR OG BÍLASTÆÐI

Gera skal ráð fyrir bílastæðum í samræmi við reglugerð. Fyrirkomulag bílastæða skal birt í gögnum fyrir byggingarleyfisumsókn. Bílastæði eru ekki sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

3.6 TAKMARKANIR VEGNA MANNVIRKJA

Hindranafletir

Hindranafletir lendingarstaðarins er skilgreindur af Isavia. Hindranafletirnir stíga skáhalt upp í 85 m.y.s. frá endum flugbrautarinnar að 1630 m fjarlægð. Til hliðanna stíga fletirnir upp í 40 m.y.s. að 196 m fjarlægð. Hindranafletirnir ákvarða hámarkshæð mannvirkja á svæðinu neðan þeirra. Miðað er við hæð yfir sjávarmáli og hefur hæð landsins því áhrif á hámarkshæðina. Hindranafletirnir eru sýndir á uppdrætti.

3.7 GÖNGULEIÐIR

Gönguleiðir eru sýndar á uppdrætti. Tryggja skal greiða gönguleið meðfram ströndinni.

3.8 LÝSING

Lýsing skal vera látlaus og glýjulaus. Gæta skal þess sérstaklega að hún lýsi niður og valdi ekki ónæði eða sjónmengun á nærliggjandi svæðum.

3.9 VEITUR

Leggja lagna á uppdrætti byggir á tiltækum gögnum og kunna að vera ónákvæm og eru ekki tæmandi. Við framkvæmdir getur því verið nauðsynlegt að sóna lagnir.

Leitast skal við að samnýta lagnir og lagnaleiðir og þess gætt að valda ekki óþarfa raski á umhverfinu.

Neysluvatn skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Áður en leyfi er veitt fyrir uppbyggingu starfsemi á lóðum á skipulagssvæðinu skal öflun neysluvatns vera tryggð. Í leyfisumsóknum skal gera grein fyrir hver vatnspörf framleiðslunnar er, hvort sjóvatn, heitt vatn og/eða kalt vatn verði nýtt og hvernig öflun vatnsins verði háttáð. Saltvinnsla á lóð A1 nýtir eingöngu sjóvatn í sinni framleiðslu. Vistvæn framleiðsla á lóð A2 mun einnig nýta eimað sjóvatn. Nýting eimaðs sjóvatns er heimil uppfylli það skilyrði ofangreindrar reglugerðar.

Heitt vatn til framleiðslu er fengið úr borholu utan skipulagssvæðisins.

Landeigandi og rekstraraðilar munu leitast eftir að finna kalt neysluvatn á svæðinu eða semja við aðra landeigendur um neysluvatn finnast ekki nothæft vatn á svæðinu. Finnast nothæft vatn innan skipulagssvæðisins skal deiliskipulaginu breytt þannig að vatnsból verði staðsett á uppdrætti, vatnsverndarsvæði þess afmarkað og viðeigandi skilmálar settir. Eftir atvikum skal aðalskipulagi einnig breytt. Boranir eftir vatni eru tilkynningarskyldar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Hlíta skal þeim skilyrðum sem Orkustofnun kann að setja, sem og niðurstöðum Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar

um matskyldu. Vatnsveita er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. 4. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

Tryggja skal að nýting vatns sé sjálfbær í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Einnig skal tryggja að öflun heits vatns hafi ekki áhrif á vaxtarskilyrði vatnamyntu. Samráð skal haft við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi áhrif vatnsöflunar á plöntuna.

Fráveita skal vera í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Fráveita frá athafnalóðum skal leidd í rotþró. Affallsvatn hitaveitu skal leitt í núverandi útrás til sjávar. Vinnusvæði þar sem möguleg mengandi efni eru meðhöndluð skulu vera með föstu yfirborði þannig að hægt verði að tryggja að þau berist ekki í jarðveg, grunnvatn eða til sjávar. Tryggja skal að spilliefni berist ekki í fráveitukerfi. Samráð skal haft við heilbrigðiseftirlitið um útfærslu fráveitulausna.

3.10 VERNDUN

Við framkvæmdir skal þess gætt að valda ekki óþarfa röskun á lífríki eða náttúru.

Í samræmi við 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir sem hætta er talin á að geti raskað náttúruminum á náttúruminjasrá.

Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar er 15 m. Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. sömu laga..

Komi fornminjar sem áður voru ókunnar í ljós við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

4.1 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR

Gerð deiliskipulagsins fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021²⁷. Skipulagsáætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010²⁸ og verður tekin fyrir í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps.

Metin eru áhrif á hagræna og félagslega þætti, menningarminjar og sögu, landslag, náttúrufarslega þætti og heilsu og öryggi.

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu fyrir neðan (Tafla 2-1Tafla 4-1) er vinsun umhverfisþátta tilgreind, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu deiliskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingum úr vinnu við deiliskipulagið og öðrum forsendum sem liggja fyrir.

Tafla 4-1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu.

Matsþáttur	Umhverfisþættir ²⁹	Skýringar
Hagrænir og félagslegir þættir	Íbúar, efnisleg verðmæti	Vegna atvinnutækifæra
Menningarminjar og saga, landslag	Menningararfleifið, saga og landslag	Vegna skráðra fornleifa. Áhrif á staðaranda og meðvitund um staðaranda svæðisins
Náttúrufarslegir þættir	Dýr, plöntur, friðaðar plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn og loftslag	Vegna rasks á landi og áhrifa á mögulegar jarðminjar. Áhrif á gróður, dýralíf og vatnalíf. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna og útivist, næmni fyrir hættu á náttúruhamförum	Áhrif á upplifun lands og útivist. Aðgengi að svæðinu fyrir gangandi vegfarendur. Ljósvisst. Viðbrögð við náttúruvá

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort deiliskipulagið styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

²⁷ Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

²⁸ Skipulagslög nr. 123/2010.

²⁹ Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tafla 4-2 Vægisæinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Vægisæinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.2 ÁHRIF DEILISKIPULAGS OG EFTIRFYLGNI

Í kaflanum er sett fram umhverfismat deiliskipulagstillögunnar.

Settir eru fram tveir valkostir í umhverfismatinu. Annars vegar uppbygging hreinlegs og umhverfisvæns léttis iðnaðar þar sem jarðhiti er nýttur á sjálfbæran hátt og hins vegar að ekki verði af uppbyggingu á svæðinu, þ.e. núllkostur.

Í umhverfismatinu eru skilgreind umhverfisviðmið sem er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Miðað er við umhverfisþætti sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru tengd Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og öðrum áætlunum á landsvísu, auk markmiða viðeigandi laga.

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort uppbygging skv. útfærslu í skipulagi, styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan í deiliskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Hagrænir og félagslegir þættir

Matsspurning	Núllkostur	Deiliskipulag
Stuðlar stefnan að uppbyggingu á svæðinu?	--	++
Stuðlar stefnan að uppbyggingu atvinnulífs og íbúáþróun?	--	++
Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og orkunýtni?	0	++

Viðmið: Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Tryggja sjálfbæra neyslu- og framleiðsluaðferðir. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og landsskipulagsstefnu.

Skýringar: Stefnan er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Varanleg störf verða til í tengslum við eflingu atvinnustarfsemi á svæðinu, auk tímabundinna starfa á uppbyggingartímanum. Stefnan stuðlar að sjálfbærri nýtingu orku og styður við sjálfbæra neyslu- og framleiðsluaðferðir og nýsköpun.

Menningarminjar og saga, landslag

Matsspurning	Núllkostur	Deiliskipulag
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	0
Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	0	+

Viðmið: Stuðla að verndun og varðveislu menningarminja. Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Byggt á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, Aðalskipulagi Súðavíkurbrepps, landsskipulagsstefnu³⁰ og menningarstefnu í mannvirkjagerð.

Skýringar: Stefnan er ekki talin hafa í för með sér röskun á fornleifum, menningarminjum eða fágætum landslagsheildum. Mikið er af fornleifum á Reykjanesi en engar minjar eru á deiliskipulagssvæðinu. Stefnan er þó líkleg til að hafa í för með sér breytingar á ásýnd lands þar sem takmörkuð byggð er á skipulagssvæðinu. Deiliskipulagið leggur þó sérstaka áherslu á að vandaðan frágang og að halda raski í lágmarki. Með vandaðri hönnun bygginga, varfærinnar landmótunar og aðgerða til að draga úr ljósmengun má lágmarka neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Náttúrufarslegir þættir

Matsspurning	Núllkostur	Deiliskipulag
Styður stefnan áhrif á svæði þar sem merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	0	-
Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun GHG og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?	0	-
Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	0	0
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi eða mikilvægar vistgerðir?	0	0
Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar?	0	?

Viðmið: Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Styðja sjálfbæra nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og vatnaáætlun Íslands.

Skýringar: Deiliskipulagið er á svæði sem er á náttúruminjaskrá, sem og allt land Reykjanes. Áhrif stefnunnar á náttúrufarslega þætti eru neikvæð en umfang þeirra er óverulegt. Í deiliskipulaginu er lögð sérstök áhersla að ekki verði hróflað að óþörfu við strandlengjunni nema þá til að lagfæra til betri vegar. Áhrif stefnunnar á vistkerfi er óverulegt þar sem svæði með vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi er mjög takmörkuð.

Óvissa er um áhrif uppbyggingar á langtímavernd vatnsauðlindarinnar, en það er háð gerð og umfangi framleiðslu og útfærslu vatnsöflunar.

³⁰ Skipulagsstofnun. 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 10. júní 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Við framkvæmdir á lóðum verður rask á grónu landi og það leiðir til lítilsháttar losunar gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta til skamms tíma litið. Í deiliskipulaginu er áhersla á að raski skuli haldið í lágmarki og með því að rækta raskað land með staðargróðri er stuðlað að bindingu gróðurhúsalofttegunda til langs tíma litið. Ekki er talið líklegt að uppbygging á svæðinu hafi áhrif á vatnamyntu þar sem helstu vaxtarsvæði hennar eru utan skipulagssvæðisins, að því gefnu að öflun heits vatn skerði ekki slík svæði.

Heilsa og öryggi

Matsspurning	Núllkostur	Deiliskipulag
Stuðlar stefnan að vörnum gegn losun frá atvinnurekstri, svo sem hvað varðar mengunarefni og ljósmengun?	0	+
Stuðlar stefnan að möguleikum til útvistar og hreyfingar?	-	++

Viðmið: Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan frá vöggu til grafar. Bygg á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, landsskipulagsstefnu, reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.

Skýringar: Deiliskipulagið tekur til svæðis við ströndina og gerir ráð fyrir frekari uppbyggingu. Uppbyggingu fylgir truflun á framkvæmdatímanum, svo sem hvað varðar hljóð- og ljósmengun, en hún verður takmörkuð til langs tíma litið ef ákvæðum skipulagsins er fylgt. Deiliskipulagið gerir ráð gönguleið meðfram ströndinni þannig að aðgengi meðfram strönd verði tryggt en það er að vissu marki takmarkað í dag.

Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif

Deiliskipulagið nær til um 3,9 ha svæðis. Allt svæðið er á náttúruminjasrá. Í heildina eru umhverfisáhrif tillögunnar óveruleg, jákvæð og neikvæð. Umhverfisáhrifin eru verulega jákvæð á hagræna og félagslega þætti, óveruleg á menningarminjar og sögu en jákvæð á landslag, neikvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti. Áhrif á heilsu og öryggi eru jákvæð og verulega jákvæð.

Áhrif á núllkost eru veruleg neikvæð og óveruleg á hagræna og félagslega þætti, óveruleg á menningarminjar og sögu, landslag, á náttúrufarslega þætti eru áhrifin óveruleg og á heilsu og öryggi eru áhrifin óveruleg og neikvæð.

Stakar framkvæmdir

Deiliskipulagstillagan felur í sér byggingu á léttum iðnaði og skulu byggingar falla vel vel að landslagi og vanda skal til útlits bygginga þannig að þær falli vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru, s.s. í formi, efnis- og litavali.

Eftirfylgni og vöktun

Við útgáfu byggingarleyfa þarf sérstaklega að taka mið af þeim þáttum sem hér hefur verið lýst sem neikvæðum umhverfisáhrifum og sérstaklega hefur verið fjallað um í skipulagsskilmálum, svo sem mótvægisáðgerðir til að takmarka áhrif á náttúru og ásýnd.

5 HEIMILDIR OG TILVITNANIR

Aðalskipulag 1999-2018 Súðavíkurbreppur, m.s.br.

Arnín Óladóttir 2003. Gróðurfar á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Eyri í Ísafirði að Hörtná við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði v/umhverfismats á áhrifum vegaf framkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Böðvar Þórisson o.fl. 2003. Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Unnið fyrir Vegagerðina v/umhverfismats á áhrifum vegaf framkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Böðvar Þórisson 2005. Fuglaskoðun við Djúp. Glærur kynntar á ráðstefnu á Ísafirði í apríl 2005; Náttúra Vestfjarða og ferðamenska.

Finnbogi Hermannsson. Gladíólur í Reykjanesi. Grein birt á heimasíðu Súðavíkurbrepps; sudavik.is.

Flóra Íslands. Heimasíða Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir flóru landsins; floralands.is.

Flugmálastjórn Íslands 2006. Flugmálahandbók – Ísland.

Helgi Torfason 2003. Jarðhitakort af Íslandi og ganasafn um jarðhita. Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Land & Saga. Reykjanes við Djúp. Grein birt á heimasíðu; landogsaga.is.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013. Fornleifakönnun í Reykjanesi við Djúp. Náttúrustofa Vestfjarða, Fornleifadeild. NV nr. 01-13.

Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa og síðari viðbætur.

North Explorers. <http://www.northexplorers.is> - Kajakparadís í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Heimasíða, heimsótt í janúar 2012.

Rúnar Óli Karlsson 2003. Ferðamenska í nágrenni Reykjanes. Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði v/umhverfismats á áhrifum vegaf framkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Sigurður Sigurðarson 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð. Vegagerðin.

Sveinbjörn Oddsson og Trausti Steindórsson 2009. Staða bleikjueldis og framtíðarhorfur. Skýrsla unnin af Marine Spectrum ehf. fyrir Landbúnaðar- og Sjávarútvegsráðuneytið.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar 2013. Reykjanes, Ísafjarðardjúpi. Húsakönnun.

Umhverfisráðuneytið 2008. Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.

Vatnaáætlun 2022-2027.

Veðurstofa Íslands. Veðurfarsupplýsingar sóttar á vef stofunnar í janúar 2012.

Vegagerðin 2003. Djúpvvegur nr. 61. Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum.

Vistgerðarkort. Sótt af vef www.vistgerðarkort.ni.is